

Afgreiðslufundur

Ár 2025 mánudaginn 21. júlí, kl. 15:00 var haldinn 1847. afgreiðslufundur Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Fundinn sátu Jón Ragnar Gunnarsson, Guðjón Ingi Eggertsson, Anna Jóhannesdóttir og Tómas G. Gíslason sem einnig ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

- Lögð fram umsókn Lev 103 ehf. kt. 420922-0430, dags. 27. nóvember 2024, um starfsleyfi fyrir veitingastað; kaffihús þar sem brauðmeti kemur tilbúið á staðinn og sætmeti er framleitt og/eða bakað á staðnum. Leyfið nær einnig til hitunar og eldunar á tilbúnu hráefni á staðnum, s.s. heitum samlokum og smáréttum, framleiðslu á súpum og forpökkuðum sultum, salötum, mauki og skálum, til dreifingar á aðra staði sömu keðju (Hygge Coffee and Microbakery), að Barónsstíg 6, F2500405, rými 0104. Starfsleyfið nær einnig til veislupjónustu fyrir kaffihlaðborð. Ný starfsemi. Samþykkt var að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði*. Skilyrt er að rekstraraðili geri allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir ónæði, sbr. ákvæði *reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða*. Ekki má vera starfsemi í rýminu frá kl. 23.30 að kvöldi til kl. 7.00 að morgni. Gestir skulu hafa yfirgefið staðinn eigi síðar en 15 mínútum eftir lokun hans. Skilyrt er að rekstraraðili geri allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir uppsöfnun á úrgangi frá rekstrinum, sbr. ákvæði *reglugerðar 803/2023 um meðhöndlun úrgangs*.

Fundi slitið kl. 15:15

Tómas Guðberg Gíslason

Jón Ragnar Gunnarsson

Guðjón Ingi Eggertsson